



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30.október 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 155 – 155. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálann). Markmið frumvarpsins er að lögfesta Barnasáttmálann og valfrjálsar bókanir hans og styrkja þannig stöðu mannréttinda barna.

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar frumvarpinu sem löngu tímabæru og telur að með því verði vernd barna aukin til muna hér á landi. Barnasáttmállinn og valfrjálsar bókanir hans veita börnum víðtæka vernd gegn hverskyns misneytingu, ofbeldi og annarri vanvirðandi meðferð auk þess að festa í sessi rétt barna sem sjálfstæðra einstaklinga til ýmissa réttinda bæði borgaralegra og stjórnámalegra sem og félagslegra og menningarlegra.

Þrátt fyrir stuðning MRSÍ við frumvarpið skal eftirfarandi athugasemdum komið á framfæri;

1. Í 2. gr. frumvarpsins eru tilgreindar breytingar á lögum sem talið er nauðsynlegt að gera til lögfestingar sáttmálans. Er MRSÍ sammála þessum breytingum en vill að auki að skoðað verði frekar hvort þörf sé á fleiri lagabreytingum, einkum með tilliti til eftirfarandi:
 - a. Nauðsynlegt er að breyta lögum um fullnustu refsinga til þess að fullnægja kröfum 37. gr. c Barnasáttmálans um það að ungir fangar séu aðskildir frá fullorðnum föngum nema það sé ekki talið barninu fyrir



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

bestu. Á þetta hefur verið bent í athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna við skýrslur Íslands til nefndarinnar¹. Þar hefur komið fram að þrátt fyrir að um mjög fáa einstaklinga sé að ræða verði að vera til staðar fullnægjandi úrræði fyrir þá. Jafnframt verði að draga fyrirvara Íslands við ákvæðið til baka.

- b. Nefndin hefur einnig hvatt Ísland og önnur aðildarríki til þess að koma á ákveðinni stefnu og verklagsreglum um málefni barna sem komast í kast við lögin, á það jafnt við um sakhæf börn og ósakhæf. Vill MRSÍ hvetja til þess að þessum málum verði gefinn sérstakur gaumur; að sett verði reglugerð/lög um þessi málefni og tryggt verði að fullnægjandi fjármagn og mannskapur til þessara mála. Mikilvægt er að tryggja að í málum ungra barna sem villast af leið sé til staðar ákveðið ferli og úrræði til að aðstoða börnin og leiðbeina þeim um rétt skref til framtíðar. Er slíkt kerfi sérstaklega mikilvægt í forvarnarskyni til að taka á slíkum málum um leið og þau koma upp og vinna með einstaklingnum að lausn og leiðum til betra lífs.

- 2. MRSÍ vill einnig benda á athugasemdir Barnaréttarnefndarinnar² er lúta að heimildum Barnalaga nr. 76/2003 til þess að koma á umgengni með aðför. Telur MRSÍ slíka heimild í Barnalögum mjög orka tvímælis, þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laganna, er mælir fyrir um að dómari geti hafnað aðfararbeiðni ef varhugavert verði talið að gerðin nái fram að ganga með tilliti til hagsmuna barns. Hafa ber í huga að það er mikil innrás í einkalíf barns að taka það með lögregluvaldi frá foreldri/foreldrum sínum til þess að koma því í umgengni við það foreldi sem það á umgengnisrétt við. Verður slíkt inngrip ávallt að gera að vel ígrunduðu máli með fullu tilliti til hagsmuna barnsins. Ef slíkri heimild á að halda til streitu verður að tryggja nauðsynlega þjálfun og þekkingu þeirra aðila sem koma til með að framfylgja slíkum úrskurði. Einnig er nauðsynlegt að við ákvörðun dómara í slíkum málum sé vilji barnsins ávallt kannaður og áréttað við dómara að þeim er ekki skylt að heimila aðfarargerð telji þeir það andstætt hagsmunum barnsins. Til þess að þetta sé hægt er nauðsynlegt að setja

¹ CRC.C.ISL.CO.3-4 málsgreinar 8-11

² CRC.C.ISL.CO.3-4, málsgreinar 26 og 27



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

reglugerðir um framkvæmd og tryggja nægilegt fjármagn til fræðslu og þjálfunar.

3. Einnig er það athugavert að málsmeðferð í umgengismálum getur tekið mjög langan tíma deili foreldrar um umgengni. Biðtími eftir fyrsta viðtali hjá fulltrúa við embætti sýslumannsins í Reykjavík er samkvæmt heimasíðu embættisins 3 til 4 vikur síðan getur málsmeðferðin tekið vikur og mánuði eftir það. Verður að endurskoða þetta ferli og tryggja nægilegt fjármagn svo mögulegt sé að ráða fleiri sérfræðinga til sýslumannsembættanna til að sinna þessum verkefnum. Er það einkum brýnt í ljósi þeirra breytinga á Barnalögum sem taka gildi 1. janúar 2013 og lúta að aukinni sáttameðferð í slíkum málum.

MRSÍ vill að lokum árétta mikilvægi þess að lögfesta Barnasáttmálann ásamt valfrjálsum bókunum hans sem fyrst, en metur það svo að þeirri framkvæmd þurfi að fylgja fleiri lagabreytingar og aukið fjármagn til margvíslegra þátta er lúta að málefnum barna. Einnig er mikilvægt, og hefur Barnaréttarnefndin bent á það í athugasemdum sínum til Íslands, að fræðsla um réttindi þau sem Barnasáttmállinn hefur í för með sér og vitundarvakning um samninginn sé aukin og þá ekki síst á meðal allra sérfræðinga sem að vinna með börnum, t.d. lögreglu, dómara, sérfræðinga sýslumanna, starfsfólk félagsþjónustu og barnaverndar, sálfræðinga og fleiri starfsstétta og aðila er að málefnum barna koma.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur